

Skattstjóri

28. jan. 1948.

Samkvæmt samtali við yður í dag hr. skattstjóri leyfir Félag löggiltra endurskoðenda sér að óska þeftir, að löggiltum endurskoðendum í Reykjavík verði veittur framtalsfrestur fyrir viðskiptavinum sína, sem hér segir:

Fyrir einstaklinga, sem engan rekstur hafa, til 15. febrúar.  
Fyrir einstaklinga, sem hafa rekstur, til 15. apríl.  
Fyrir félög, til 15. maí.

Á félagsfundum, sem haldinn var í gær, var einróma álit endurskoðenda, að þessir frestir væru sá allra stysti tími, sem nokkur möguleiki væri til að komast af með, enda styttri en veittur hefir verið undanfarið, þó að þegar hafi sýnt sig að eignakönnunin eykur mjög vinnu við hvert framtal.

Á það skal bent, að lítil líkindi eru til að viðskiptavinir löggiltra endurskoðenda geti fengið aðstoð við uppgjör og framtöl annarsstaðar og yrði því neitun um ofantalda fresti naumast til flýtis fyrir skattayfirvöldin.

Vér væntum svars yðar hr. skattstjóri, við þessari beiðni vorri hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst,

f. h. Stjórn félags löggiltra endurskoðenda.

*Sigjónsson*  
*fennar*

Til skattstjórans í Reykjavík.